

VFÖ-32 Félagsatferli villtra minka á Íslandi

Menja von Schmalensee^{1,3}, Róbert A. Stefánsson^{1,3}, Eggert Gunnarsson² og Páll Hersteinsson³

¹Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur, ²Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Keldum v/Vesturlandsveg, 112 Reykjavík,

³Líffræðistofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík, menja@nsv.is

Fylgst var með atferli 58 minka sem merktir voru með radiósendum á þremur ólíkum rannsóknasvæðum; við sjó á Reykjanesskaga og ferskvatn við Sogið í Grímsnesi á árunum 1996-1999, og haustið 2003 við sjó á norðanverðu Snæfellsnesi. Minkar eru almennt taldir vera einfarar sem verji óðal sitt fyrir öðrum minkum sama kyns af harðfylgi og forðist samskipti nema á milli kynjanna á fengitíma. Í 49 tilfellum var skráð atferli þar sem tveir eða fleiri minkar áttu í hlut, þar af eitt á fengitíma. Í 37 (75%) tilfellum mátti lýsa atferlinu sem "hlutlausu" eða "vingjarnlegu". Slíkt atferli var í öllum tilfellum nema einu á milli merktra dýra, þ.e. dýra sem voru staðbundin og búin að vera á svæðinu um nokkurt skeið. Þegar um árásargjarna hegðun var að ræða, var í öllum tilfellum nema einu annar eða báðir minkar ómerktir og því líklega nýkomnir á svæðið. Niðurstöðurnar benda sterklega til þess að minkar sýni meira umburðarlyndi gagnvart nágrönnum sínum en ókunnugum dýrum en þetta er í fyrsta sinn sem slíku hefur verið lýst fyrir þessa tegund. Einnig sýna niðurstöður rannsóknarinnar að óðul geta hliðrast eftir að minkur tekur að nota bæli og hluta óðals nágrannans án þess að vart verði við árásargirni.